

**Nd. 452. Frumvarp til laga [274. mál]**

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim verða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samstarfshópur, sem dómsmálaráðherra skipaði hinn 17. janúar 1984 í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 20. des. 1983, um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna, skilaði tillögum sínum 5. mars 1984. Meðal þess, sem lagt er til, er að viðurlög við brotum á lögum nr. 65/1974, með síðari breytingum, verði aukin í allt að 6 ára fangelsi. Samstarfshópurinn bendir á að viðurlög samkv. lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 geti mest orðið tveggja ára fangelsi og hafi þegar komið fyrir tilvik, þar sem beita hefur þurft þeim allt að því til fulls. Telur starfshópurinn nauðsynlegt að viðurlög samkvæmt þeim lögum verði aukin í allt að sex ára fangelsi.

Vert er að geta þess að á hinum Norðurlöndunum hefur refsihámark fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf verið hækkað eða verið er að undirbúa löggjöf í þeim tilgangi. Ber því brýna nauðsyn til að samræma refsihámark þannig að ekki komi til mismunandi strangra refsinga, eftir því hvar í málum er dæmt.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur beint þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem fer með framkvæmd löggjafar um ávana- og fíkniefni, að borið verði fram lagafrumvarp til breytingar á 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 75/1982, í því skyni að hægt verði að stórherða viðurlög gegn brotum á lögunum.

Með lögum nr. 75/1982, um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, um breyting á sektarmörkum nokkurra laga, sbr. nánar 9. gr. laganna, er fellt niður sektarhámark laganna, sem var 60 000 kr. (6 millj. g.kr.) og fer eftir það um sektir samkv. almennum hegningarlögum og þeim ákvæðum þeirra laga, sem gilda um hámark sekta.

Með skírskotun til ofanritaðs og þess að brýna nauðsyn ber til að í vissum tilvikum þurfi að koma til strangari fangelsisdómar en til tveggja ára, sakir þess að um mjög alvarlegt brot getur verið að ræða, er frumvarp þetta fram komið.